



Íbúinn | rit um náttúru og sögu | varmarsamtokin@gmail.com | www.varmarsamtokin.blog.is | nóvember 2007

Mosfellsbær við Saxelfi - eftir Sigmund D. Gunnlaugsson, fréttamann og hagfræðing

Það þykir tíðindum sæta þegar Íslendingar fara úti aðgerðir til að mótmæla áformum yfirvalda, hvað þá þegar slíkt gerist í hinum friðsæla Mosfellsbæ. Þar hafa íbúasamtök kveðið upp raust sína svo eftir er tekið og lagst gegn (í óeiginlegri og eiginlegri merkingu) röskun á útivistarsvæði við Varmá. Nýfluttur til landsins þekki ég málið ekki vel. Ég þekki hins vegar sambærilegt mál, jafnvel stærra, þar sem komið hefur til afskipta Sameinuðu þjóðanna. Sem maður sátta velti ég því fyrir mér hvort mat Sameinuðu þjóðanna geti e.t.v. komið að gagni í Mosfellsbæ.

Þýska borgin Dresden við Saxelfi þótti um aldir ein fállegasta borg heims. Á tveimur nóttum í febrúar 1945 var miðborg Dresden jöfnuð við jörðu í ólýsanlegum loftárásum. Það var þó aðeins upphafið að ógæfu borgarinnar sem lenti austan járnaldsins. Austur-þýsk stjórnvöld hófu mikla uppbyggingu sem fékk ófáa íbúa borgarinnar til að sakna rústanna. Á undanförunum árum hefur hins vegar hafist ný endurreisn í Dresden. Sá viðsnúningur helst í hendur við skráningu á Heimsminjaskrá UNESCO (Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna) sumarið 2004. Það var reyndar ekki borgin sjálf sem komst á þann eftirsóttu stall heldur árdalurinn sem hún stendur við, Saxelfurdalur. Verndarsvæðið er nærri 2000 hektarar sitt hvoru megin árinna. Umhverfis verndarsvæðið er auk þess skilgreint hlífðarsvæði sem á að tryggja að ekki verði gerðir þeir hlutir í grennd við verndarsvæðið sem skaðað geti ásýnd þess eða eðli. Í rökstuðningi UNESCO fyrir veitingunni segir að í dalnum fari saman mikil náttúrufergur og sögulegar minjar. Þar sé ekki aðeins að finna einstakan „hefðararkitektúr“ heldur einnig vel varðveitt alþýðu- og iðnaðarmannvirki frá upphafi þéttbýlismyndunar og iðnvæðingar á svæðinu. Á meðan byggingar tengdar iðnvæðingu og hóbýli henni tengd voru rifin, víða í Evrópu, með tilkomu nútímalegs þungaiðnaðar, var sátt um það í dalnum að varðveita einkenni hans og

sérstöðu. Það var gert þrátt fyrir að það fæli í sér að varðveita gamlar myllur og hallir hlið við hlið. Sú framsýni sem í því fólst þótti sérstök og varð til þess að tryggja staðnum þann mikilvæga sess sem honum hlotnaðist fyrir þremur árum (samfara Þingvöllum).

Hið einstaka umhverfi borgarinnar og það aðdráttarafi sem það skapaði átti einnig stóran þátt í því að Dresden hélt nokkru sem hún hefði líklega misst annars. Þrátt fyrir loftárásir og kommúnisma bjó hún að sögulegum og menningarlegum grunni og tengingu við upprunann. Það



skapaði aðdráttarafi og undirstöðu til að byggja á. Fjárhagslegt mikilvægi slíkrar undirstöðu hefur oft verið vanmetið en Dresden hefur á síðustu þremur árum sýnt áþreifanlega hversu mikil efnahagsleg- og samfélagsleg áhrif sögulegur grunnur hefur. Á þeim grunni er núna verið að endurreisa gömlu miðborgina í Dresden. Það hefur leitt af sér mikinn hagræðilegan vöxt og viðsnúning á fólksflóttu sem hrjád hafði borgina frá falli múrsins.

En nú er komið babb í bátinn. Þar eð aðdráttarafi svæðisins er mikið vilja margir fara þar um og byggja þar í grennd. Það var því ákveðið að leggja nýjan gegnumakstursveg með brú í gegnum verndarsvæðið. Skemmst er frá því að segja að UNESCO brást við með því að tilkynna yfirvöldum að ef af framkvæmdinni yrði væri stöðu svæðisins á heimsminjaskrá teflt í tvísýnu. Til greina kæmi að taka það af heimsminjaskránni þótt slíkt hafi þá verið fordæmalaust. UNESCO þótti ljóst að ef umferðaræð yrði lögð í gegnum dalinn, og raunar í gegnum hjarta verndarsvæðisins, sýndi það að ekki væri fyrir hendi skilningur á því í hverju gildi svæðisins lægi eða mikilvægi þess að umhverfið allt, og sú heild sem það myndaði, væri vernduð. Borgarstjórnin í Dresden brást við með því að leggja til að hætt yrði við framkvæmdina. Það dugði þó ekki til að hún yrði tekin af dagskrá. Þeir sem að verkinu stóðu vildu halda sínu striki (í bókstaflegri merkingu) og vísuðu til þess að búið væri að leggja í mikla skipulagsvinnu.

UNESCO fundaði nýlega og lýsti því yfir að menn þyrftu ekki að velkjast í vafa um að ef vegurinn yrði lagður með þeim hætti sem áformað væri yrði dalurinn tekinn af heimsminjaskrá. Stofnunin telur sig þurfa að vera samkvæma sjálfri sér, nóg sé til af stöðum sem séu næstum því einstakir eða hafi einhvern tímann verið einstakir. Slíkir staðir séu á engan hátt *einstakir*. Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna með fulltingi skipulags- og hagfræðinga, leggja því til að farin verði sú leið að færa veginn og uppbygginguna sem honum fylgir. Með því haldi menn verðmætunum sem felast í óspilltum og einstökum dal en byggi líka upp. Sú bygging verði í ofanálag verðmætari vegna þess að verndarsvæðið sé enn til staðar. Nú geta menn velt því fyrir sér hvort þessi ráðgjöf Sameinuðu þjóðanna og allrahandna sérfræðinga geti ekki nýst Mosfellsbæ við hið erfiða val milli uppbyggingar og verndunar, þ.e. með því að færa uppbygginguna og gera þannig hvort tveggja.

Kæri lesandi

Fyrsta tölublað Íbúans, fréttabréfs Varmársamtakanna, hefur litið dagsins ljós.

Varmársamtökin eru eins og hálfars gömul, en hafa mikið látið til sín taka síðustu misserin. Samtökin voru stofnuð af íbúum sem annt er um Varmársvæðið í Mosfellsbæ og vilja vernda þar náttúrulegt umhverfi, efla menningu og auðga mannlíf á bökkum Varmár.

Mosfellsbær tekur stórvægum breytingum þessi misserin og í mörg horn er að líta þegar byggðin vex svo ört. Við skipulag byggðar þarf að byggja á rannsóknum og þekkingu. Þannig verður til gott bæjarSKIPULAG sem leiðir af sér gott mannlíf. Ég vil líta til Garðabæjar, sem hefur tekið forystu í að stuðla að umhverfisvænni byggð. Skipulag í Urriðaholti í Garðabæ, byggt á margþættri rannsóknarvinnu, er til fyrirmyndar. Megináhersla er lögð á viðhald og vernd Urriðavatns og nærliggjandi votlendis. Settar hafa verið fram sérstakar umgengisreglur til að



lágmarka umhverfisáhrif byggingarframkvæmda í Urriðaholti. Þar er líka mikið lagt uppúr að halda í sérkenni í landslaginu. Ef við höldum ekki í sérkennin gleymum við hver við erum.

Að halda í sérkenni staðar, er að virða söguna, íbúana, landslag og náttúrulegt umhverfi. Staðlað umhverfi vekur engar tilfinningar og minnir okkur ekki á hver við erum eða hvaðan við komum.

Það gerir hverju samfélagi gott, að eiga sér þegna sem vinna óeigingjart hugsjónastarf í þágu heildarinnar. Er það mér sönn ánægja að fylgja íbúunum úr hlaði og njótið þið vel.

Berglind Björgúlfsdóttir,
formaður Varmársamtakanna



Við byggjum fram tíð á fortíð

Viðtal við Margréti Harðardóttur arkitekt
há Studio Granda
um miðbæjarskipulag

Undanfarin misseri hefur mikið verið rætt um skipulag miðbæjar Reykjavíkur og þá sérstaklega hvernig og hvort hægt sé að gera hann meira aðlaðandi fyrir fólk. Svipuð umræða hefur átt sér stað í Mosfellsbæ og er endurskoðun miðbæjarinnar nú hafin. Arkitektastofan Studio Granda hefur getið sér gott orð fyrir hugmyndaauðgi og fallegar byggingar og tóku arkitektar stofunnar nýverið þátt í hugmyndaleit um skipulag miðbæjar Reykjavíkur. Þrjár stofur unnu í sameiningu að hugmyndinni sem varð hlutskörpust en alls tóku 6 aðilar þátt í leitinni sem snerist um umgjörð Lækjartorgs, frá Tryggvagötu að Skólastræti.

Margrét Harðardóttur rekur ásamt eiginmanni sínum, Steve Christer, Studio Granda en þau eru m.a. arkitektar að Ráðhúsi Reykjavíkur og húsi Hæstaréttar. Blaðamaður Íbúans bankaði upp á hjá Margréti til að forvitnast nánar um þær hugmyndir sem liggja að baki tillögunni að nýjum miðbæ í Reykjavík og hvaða ráð hún gæti gefið Mosfellinum í tengslum við nýtt miðbæjarskipulag.

Hvaða hugmyndir liggja að baki ykkar tillögu að skipulagi miðbæjar Reykjavíkur?


Saga Reykjavíkur er mjög mikilvæg fyrir okkar menningu. Okkar vinna snérist því um að varðveita, skynja og styrkja sögu miðbæjarinnar frá gamalli tíð til 20. aldar. Við leitum upp byggingar, gleymda staði og starfsemi sem hafa einhvern styrk í sér fölginn fyrir mannlífið í borginni. Okkar markmið var að vekja þennan borgarhluta af Þyrnirósarsvefni. Í miðbænum er ótrúlega góður efniviður og hægt að laða fram mjög góða hluti ef maður bara veitir þeim eftirtekt. Við ákváðum að þvinga borgina ekki í eitthvað sérstakt horf. Reykjavík hefur vaxið mjög óskipulega. Það ægir öllu saman, misstór hús frá mismunandi tímum standa hlið við hlið. Það hefur alltaf verið lítið á þetta sem eitthvað hræðilegt en þetta er okkar raunveruleiki, okkar menning, okkar borg. Við lítum á margbreytileikann sem styrk og við ætlum ekki að afmá hann. Þetta er það sem okkar samfélag hefur skilið eftir sig og er þess vegna mikilvægt. Gallar eru hluti af okkar eðli og því mikilvægt að byggðin endurspegli þá áfram.

Við gerðum tillögur um hvar ætti að byggja nýtt, hvar ætti að vernda eða færa til fyrra horfs. Einnig um hvar nauðsynlegt væri að bæta við en halda samt í upprunalega gerð húsa. Það muna enn margir eftir gamla Nýja bíói og Rósenbergkjallaranum sem var mjög vinsæll staður. Við lögðum til að endurgera húsið frá grunni. Þetta er mjög skrýtin bygging og ennþá leifar eftir af henni. Það er því hægt að ná henni til baka aftur. Hún á sér djúpar rætur og minningar í samfélaginu þannig að það hefur líka tilgang.

Gamla Landsyfirráðarhúsið, Austurstræti 22, á sér merkilega sögu en í gegnum tíðina hefur húsið verið afskræmt. Þetta hús er eina konungshöllin sem Íslendingar hafa átt því þegar Jörundur Hundadagakonungur steypiti Trampe greifa gerði hann húsið að konungshöll. Við höfum ekki tekið afstöðu til þess í hvaða formi húsið verður endurbyggt en við höllumst að því að færa það aftur til þess horfs sem það var þegar Jörundur Hundadagakonungur bjó hér og ríkti yfir Íslandi árið 1809. Það á engin önnur þjóð svona látlaus, litla konungshöll.

En þessi umræða er viðkvæm því það er mikill ábyrgðarhluti að fara til baka í tíma. Við erum ekki í öllum tilfellum hlynt því en teljum samt nauðsynlegt að horfa til

Sum hús hækum við en höldum þeim samt í þeirri mynd sem þau voru svo sem Austurstræti 20 og Lækjargötu 2. Nú bera húsin í kring þau ofurlíði. Sömu sögu er að segja um Hafnarstræti 18. Við enda Lækjartorgs, andspænis Forsætisráðuneytinu, leggjum við til nýbyggingu sem er í mælikvarða og finleika eldri húsanna og tengist mjög heillegri götumynd í Hafnarstræti. Vestan við Lækjartorg, næst húsi Héraðsdóms, leggjum við til stærri nýbyggingu með minni úr húsum sem voru þarna fyrir svo sem Thomsensmagasini sem þótti merkilegt hús í gamla daga, sem síðar varð hótél Hekla og Smjörhúsinu. Við vorum jafnvel að hugsa um að gömlu húsin gætu verið holrúm inn í nýju byggingunni og þaðan lægi leið niður



Tillaga að nýju miðbæjarskipulagi í Reykjavík

fortíðar þar sem tengingin við framtíðina er í gegnum fortíðina. Það er mjög mikilvægt að borgir fái að halda áfram að þróast eins og þessi hús hafa alltaf gert en það getur verið ástæða til að leyfa sumum húsum að stöðvast í tíma. Landsyfirráttur er það hús sem fer lengst til baka í tíma í tillögunni. Tilgangurinn með húsavandun er að leyfa fólki að skynja gamla tíma. Hús búa yfir einstökum mætti til að ná til fólks og vekja upp tilfinningu fyrir líðinni tíð.

í rými undir Lækjartorgi og áfram upp inn í stóran bakgarð við Hafnarstræti. Við lögðum til að þar yrði Kolaportið sem hefði tengingu við starfseminu undir torginu.

Lækurinn er einn af þessum gömlu minnum sem gáfu byggðinni svolitíð líf. Við ákváðum að þrengja Lækjargötu aftur því hún er óþarflega breið. Við breikkum gangstéttina að vestanverðu og rennur lækurinn meðfram

Miðbær Reykjavíkur við upphaf 20. aldar



henni. Gert er ráð fyrir bilastæðum áfram, minni akreinum og hægari umferð í gegn. Þetta er mikilvæg tenging norður suður, en með breytingunum myndast skemmtilegra svæði fyrir gangandi vegfarendur.

Eitt aðal trompið okkur er garður Árna Thorsteinssonar sem er á bakvið Hressó. Þar var mjög merkilegur skrudgarður, einn af þeim fyrstu í Reykjavík. Í garðinum sem nú er í algjörrri órækt er gamall hlynur og mjög falleg bergflétta upp við vegg. Við leggjum til að garðurinn verði endurvakinn og að allt húsasundið á milli Pósthússtrætis og Lækjargötu verði gert almennilega upp. Í garðinum hittust menn eins og Steinn Steinar og Tómas Guðmundsson og báru saman ljóð sín þegar garðurinn átti sitt blómaskeið. Þetta er einn af þeim stöðum þar sem hægt er að finna skjól en svæðið ber vott um vanrækslu og hér eru tækifæri gjörsamlega vannýtt. Við leggjum til gönguleið í gegnum þessa bakgarða sem margoft er búið að tala um en aldrei hefur verið gert neitt í. Við sjáum fyrir okkur að allar húshliðar sem snúa að þessari bakhlið opnast út að gönguleiðinni. Til þess að hugmyndin virki þurfa verlanir og önnur þjónusta að opna út í bakgarðinn. Svæðið er töluvert stórt og skjólsælt og því hægt að sitja úti.

Hvernig þróast þetta áfram? Verða þessar hugmyndir að veruleika?

Um það ríkir óvissa eins og er. Norðurhluti svæðisins er orðinn hluti af samkeppni sem Landsbankinn stendur fyrir og er því ekki lengur inni í heildarmyndinni.

Við teljum að deiliskipulag sé í rauninni ekki gott verkfæri til að þróa skipulag. Það sýnir bara brotabrot af því sem þarf, er einungis skýringarmynd sem hefur ekkert með það að gera hvernig borgin þróast. Til að gera gott skipulag þarf sátt meðal eigenda sem eru margir á þessu svæði og skipulagsyfirlvalda. Þeir þurfa að vera algjörlega samstíga og sjá sameiginlegan hag sinn í því að samræma aðgerðir. Það sem okkur fannst svo gott var að fulltrúar húseigenda sátu í dómnefnd. Við höldum að það væri komin á sameiginleg sátt fjármagnsins og pólitikusanna um að byggja á þessum grunni en sú sátt hélt því miður ekki lengur en í tvær vikur.

Mikilvægt er að ná almennri sátt um skipulag. Íbúasamtök eins og Torfusamtökin og íbúar sem hafa áhuga á umhverfinu þurfa að vera með í ráðum og mjög mikilvægt er að rekstraráðilar á svæðinu taki líka þátt. Þegar þessi grunnur að sátt er kominn er hægt að byrja vinnuna við skipulagið og við erum laus við hið hefðbundna rífrildi sem setur allt á annan endann.

Það þarf mikið til að axla ábyrgðina á nýju miðbæjarskipulagi og það er borgarskipulagið sem þarf að hafa frumkvæði að því að fá alla með. Fyrri borgarstjórnarmeirihluti hélt að mínu mati mjög vel á þessu máli og sýndi mikinn styrk. Við vonum bara að ný meirihlutinn sýni sama styrk.

Til stendur að endurskoða skipulag miðbæjarinnar í Mosfellsbæ. Telur þú að vinna þurfi það skipulag út frá öðrum forsendum en höfuðborgarskipulag eða gilda um það sömu viðmið?

Hvers vegna að breyta legu Helgafellsveggar?

Í þeim tilgangi að hafa jákvæð áhrif á mótun umhverfisins í bæjarfélaginu hafa Varmársamtökin unnið mikið starf við að koma á framfæri skoðunum og þekkingu íbúa á staðhættum við skipulagsyfirlit í Mosfellsbæ.

Til að gefa innsýn í þær athugasemdir sem Varmársamtökin hafa gert við deiliskipulag Helgafellsveggar birtum við eftirfarandi kafla úr athugasemdum sem samtökin sendu Mosfellsbæ 3. september 2006:

Varmársamtökin (...) fara þess á leit við bæjarstjórn Mosfellsbæjar að hætt verði við lagningu tengibrautar úr Helgafellslandi um Álafossvos að Vesturlandsvegi og aðrir kostir þess í stað kannaðir. Margþættar ástæður eru fyrir því að tengibrautin á ekki heima á fyrrgreindum stað.

Álafossvos er náttúruperla í hjarta Mosfellsbæjar sem á sér enga hliðstæðu á Íslandi. Varmársamtökin telja að með lagningu tengibrautar verði þessi sérstaða að engu gerð auk þess að hafa aðrar skaðlegar afleiðingar.

Sérstakt samspil byggðar og náttúru í kvosinni dregur að fjölda ferðamanna og útivistarfólks ár hvert og er kvosin helsta aðdráttaraflferðamanna í Mosfellsbæ. Varmársamtökin telja að hughrifin sem fólk verður fyrir sem kemur í kvosina séu forsöndin fyrir uppbyggingunni sem þar á sér stað. Náttúrustemning í bland við verslun, handiðnað, tónlist og myndlist, jógaíðkun o.fl. er til þess fallin að ýta undir frekari uppbyggingu í ferðaþjónustu og auðga atvinnulíf í Mosfellsbæ. Með lagningu tengibrautar um Álafossvos er þessi sérstaða eyðilögð og þar með stöðunum kippt undan atvinnulífi í kvosinni.

Náttúrufergurð og áhugaverð sérkenni eru forsöndin fyrir uppbyggingu í ferðaþjónustu og

útivist á Íslandi sem og annarsstaðar. Þetta á við allt ákvarðanaferlið verði tekið upp að nýju og skipulagstillögur unnar í samræmi við markmið og anda skipulagslaga.

Tekin var einhliða ákvörðun af bæjarstjórn, þ.e.a.s. ekki haft samráð við íbúa um staðsetningu tengibrautarinnar og ekki boðið upp á, né rannsakaðir, aðrir möguleikar á staðsetningu hennar sem þó blasa við. Allt ákvarðanaferlið ber merki flýtis sem komið hefur niður á undirbúningsvinnu bæjaryfirvalda - eins og fram kemur í meðfylgjandi kærnu Varmársamtakanna til umhverfisráðherra. Þó svo að tengibrautin hafi sem safnvegur verið á aðalskipulagi frá 1983 þýðir það ekki að búið sé að samþykka framkvæmdina því hér er aðeins um ómótaða tillögu að ræða sem ekki er byggð á þeim rannsóknargögnum sem krafist er í núgildandi lögum við gerð deiliskipulags. Auk þess hafa forsöndur framkvæmdarinnar breyst frá því að tillagan var sett inn á aðalskipulag. Varmársamtökin telja að mikilvægt sé að gera itarlegar rannsóknir á áhrifum tengibrautarinnar á velferð íbúa og umhverfi hennar áður en hægt er að samþykka umrætt deiliskipulag. Bæjaryfirvöldum ber að hafa samráð við íbúa og gæta hagsmuna þeirra og velferðar.

Ákvörðunarvald í skipulagsmálum liggur ekki óskorað hjá skipulagsyfirlitum í sveitarfélögum. Skv. skipulagslögum verður að hafa samráð við íbúa þegar framkvæmdir hafa meiriháttar áhrif á velferð íbúa og umhverfi. Þetta samráðsferli hefur verið virt að vettugi af skipulagsyfirlitum í Mosfellsbæ og

ferum við því þess á leit við bæjarstjórn að allt ákvarðanaferlið verði tekið upp að nýju og skipulagstillögur unnar í samræmi við markmið og anda skipulagslaga.

Tekin var einhliða ákvörðun af bæjarstjórn, þ.e.a.s. ekki haft samráð við íbúa um staðsetningu tengibrautarinnar og ekki boðið upp á, né rannsakaðir, aðrir möguleikar á staðsetningu hennar sem þó blasa við. Allt ákvarðanaferlið ber merki flýtis sem komið hefur niður á undirbúningsvinnu bæjaryfirvalda - eins og fram kemur í meðfylgjandi kærnu Varmársamtakanna til umhverfisráðherra. Þó svo að tengibrautin hafi sem safnvegur verið á aðalskipulagi frá 1983 þýðir það ekki að búið sé að samþykka framkvæmdina því hér er aðeins um ómótaða tillögu að ræða sem ekki er byggð á þeim rannsóknargögnum sem krafist er í núgildandi lögum við gerð deiliskipulags. Auk þess hafa forsöndur framkvæmdarinnar breyst frá því að tillagan var sett inn á aðalskipulag. Varmársamtökin telja að mikilvægt sé að gera itarlegar rannsóknir á áhrifum tengibrautarinnar á velferð íbúa og umhverfi hennar áður en hægt er að samþykka umrætt deiliskipulag. Bæjaryfirvöldum ber að hafa samráð við íbúa og gæta hagsmuna þeirra og velferðar.



Það gildir nokkurn veginn það sama um miðbæ í Mosfellsbæ og aðra miðbæi. Í Reykjavík höfum við mjög sterkan, sögulegan grunn og það er augljóst hvað hér þarf að gera. Það þarf bara kjark til að framkvæma.

Það er erfitt að skilja af hverju miðbær Mosfellsbæjar er staðsettur þar sem hann er. Ég þekki ekki ástæðuna fyrir þessari staðsetningu en í mínum huga er Álafossvosin uppruninn, þar var atvinnustarfsemin sem var kjarninn í Mosfellsbænum. Það er mjög varhugavert og vitlaust að ætla sér að stríða gegn slíkum menningarlegum grunni. Það er eiginlega ekki hægt því það er eins og að vinna á móti eðli byggðarinnar. Ég veit ekki ástæðuna en líklegt er að landeigendur hafi átt þátt í þessu.

Til að gera gott skipulag þarf að leita svara við spurningum eins og: Hvernig óx þessi bær? Hvar er sagan? Með því erum við strax komin á sporid og getum hafið vinnu sem er svo skemmtileg. Við þurfum að leita til að skilja upphafið og finna þannig framtíðina.

Styrkurinn sem ganga þarf út frá í Mosfellsbæ er að mínu mati hin sögulega tenging við heita vatnið sem er ástæðan fyrir því að byggðin er þarna. Það sem gerist í nýrri bæjum er að búið er að aftengja skipulagið ákveðinni þýðingu fyrir fólk. Það skynjar ekki lengur hvernig byggðin óx, hvernig hún þróaðist og hvað var þarna áður. Það er svo mikilvægt að það sé samfella og eðlileg þróun í byggðinni. Í dag er oft búið til nýtt miðbæjarskipulag í kringum eina matvöruverslun sem gefur fólki einfaldlega ekki nóg. Fólk fer ekki í miðbæ Reykjavíkur til að versla en samt er talað um að setja hér upp stóra verslunarmiðstöð. Ég tel að það væri bara síðasti naglinn í kistuna. Fólk fer í miðbæi vegna þess að það skynjar einhverja tengingu, fer frekar til að sýna sig og sjá aðra, skoða og njóta þess að vera til.

Í Mosfellsbæ sitjum við uppi með að miðbærinn er ekki tengdur hinum sögulega kjarna. Hvað er til ráða?

Ég hef oft velt því fyrir mér hvernig hægt sé að leysa þennan vanda almennt á Íslandi. Fyrst að verið er að byggja miðbæi út frá matvöruverslun þyrfti einfaldlega að setja verslunareigendum það skilyrði að vanda til húsagerðarinnar. Það þarf að hugsa byggingarnar út frá fagurfræðilegu sjónarmiði. Við komum daglega í búðina til að kaupa næringu. Sá staður sem fólk sækir á hverjum degi er það mikilvægur að það ætti að vanda til hans.

Eins og staðan er nú er kastað upp einhverjum kumböldum sem maður þarf að loka augunum til að fara inn í. Þetta er ekki jákvætt fyrir mannlífið. Það þurfa að fylgja því ákveðnar skyldur að eiga eignir í miðbæjum. Best væri að sveitarfélögin legði eitthvað til, til að tryggja almennilegt útlit bygginga. Þannig kæmi sveitarfélagið til móts við þá kaupmenn sem vilja starfrækja verslun. Hinn möguleikinn er að setja þetta sem skilyrði fyrir því að þeir fái lóð á svo góðum stað sem gerir þeim auk þess kleift að hala inn peninga. Þetta væri mjög góð byrjun á nýjum miðbæ. Oftast nær er ekkert aðhald og lítið á slík skilyrði sem íþyngjandi álögur á kaupmenn og atvinnulíf. Ég tel samt að þegar upp er staðið borgi sig að vanda til verka. Það væri þá fleira en maturinn sem laðaði að. Ég sé engin haldbær rök fyrir því að gera þetta svona illa. Mér finnst hálfgerður glæpur gagnvart menningunni að láta þetta viðgangast. En skipulagsyfirlit og líka almenningur þurfa að skilja að það sé þeirra að hafa jákvæð áhrif.

Hvert er hlutverk fagurfræði í skipulagsgerð?

Við höfum gagnrýnt deiliskipulag en það er verkfærið sem alltaf er notað og hefur ekkert með útlit húsa að gera eða fagurfræði. Það skiptir ekki heldur máli hvernig húsin líta út sem við teiknum en það skiptir máli hvort þau eru með rétta breidd á hurð eða gangi og uppfylli þannig ákvæði í reglugerð. Þetta finnst okkur ekki vera það sem mestu máli skiptir en allt snýst um þetta mælanlega. Enginn horfir á hvernig húsið er eða

hvernig áhrif það hefur á mannfólkið og það spyr enginn hvað gerir þessi bygging fyrir samfélagið. Ef eitthvað á erindi er það fagurfræðin og vitið. Með tilliti til arðsemi skilar fallett útlit sér margfalt út í samfélagið.

Lögum samkvæmt hafa sveitarfélögin skipulagsvaldið. Hvað segir þú um það?

Í skipulagsmálum eru þrjár pólar ráðandi, þ.e. bæjaryfirvöld, íbúar og athafnamenn. Í rauninni eru það athafnamenn sem taka allar ákvarðanirnar. Frumkvæðið kemur oftast ekki frá bæjaryfirvöldum eða frá íbúum heldur frá þeim sem vilja byggja. Það ætti hins vegar að koma í meira mæli frá skipulagsvaldinu sem nýta ætti sér orkuna í athafnamönnum á viturlegri hátt og beina henni í réttan farveg. En skipulagsvaldið er veikt á Íslandi. Athafnamenn þurfa auðvitað að fá að njóta sín og byggja, en það þarf að vera einhver heildarhugsun. Sveitarfélögin reyna að gæta heildarhagsmuna en eru oft í afar erfiðri stöðu. Við virðumst vera í einhverju millibilsástandi. Allt miðar að því að minnka miðstýringu og sveitarfélagið er bara í þjónustuhlutverki. Það þýðir að hugsunin og valdið er komið til athafnamannanna og fjármagnseigenda. Vandinn er hins vegar sá að þeir hafa ekki víðustu sýnina og þar með ekki forsöndur til þess að gæta heildarhagsmuna heilla sveitarfélaga.

Hver er staða arkitekta í þessu samhengi?

Það er merkilegt með okkar stétt að bestu arkitektarnir á Íslandi hafa yfirleitt minnst að gera. Arkitektar sem vinna í takt við sína sannfæringu og hafa miklar hugsjónir teljast erfiðir. Menn eru beinlínis settir út af sakramentinu ef þeir eru ekki nógu auðsveipir og þjónustulundaðir og fá ekkert að gera. Menn líta ekki á það sem áskorun að rökræða hlutina og skoða frá fleiri en einu sjónarhorni. Það er dapurlegt fyrir byggingararfinn sem við komum til með að skila af okkur til komandi kynslóða.

Auglýsing um aðalfund

Aðalfundur Varmársamtakanna verður haldinn mánudaginn 19. nóvember kl. 20.15 í sal Varmárskóla. Fundarefni er venjuleg aðalfundarstörf. Óskum eftir góðu fólki í stjórn með óbifandi áhuga á verndun náttúru og sögu! Framboð tilkynnist með sólarhrings fyrirvara. Sama gildir um skráningu nýrra félaga.

Tilkynningar sendist til:

varmarsamtokin@gmail.com

Aðgangseyrir - frjáls framlög við innganginn. Allir velkomnir Stjórn Varmársamtakanna

Skráðu þig í Varmársamtökin

Varmársamtökin eru frjáls félagasamtök, með öllu óháð stjórnsmálaflokkum, sem vinna að eflingu íbúalýðræðis, verndun einstakrar náttúru og sögulegra minja við Varmá í Mosfellsbæ. Samtökin leggja áherslu á að útivistarhagsmunir almennings séu hafðir í fyrirrúmi nú þegar söguleg þétting byggðar á sér stað í bæjarfélaginu. Til þess að ná settu markmiði teljum við brýnt að skipulagsyfirlit afliði hvergi hverfisvernd, sem skv. aðalskipulagi er á 50 m belti beggja vegna Varmár, nema brýna nauðsyn beri til. Sem félagi í Varmársamtökunum færð þú atkvæðisrétt á aðalfundi, tækifæri til að hafa áhrif á mótun umhverfisins í víðasta skilningi þess orðs og til að sýna skipulagsyfirlitum lýðræðislegt aðhald. Þú skráir þig í netfanginu: varmarsamtokin@gmail.com eða í sínum 6607661 / 866 9376

Frjáls framlög til að styrkja starfið má leggja inn á reikning Varmársamtakanna, kt. 560606 1760 hjá Glitni: 549-26-410

Hverju þarf arkitektinn fyrst að huga að þegar hanna á nýtt skipulag?

Fyrst þarf að huga að rokinu af því að við búum á Íslandi, veðuráttunum og líka staðbundnum veðuráttum. Fjöllin búa til vindstrengi og því þarf þekking á staðbundnum veðurskilyrðum að vera til staðar. Næst er það sólin. Það þarf að snúa öllu í sólarátt þannig að allt opnast til suðurs og vesturs. Síðan þarf að taka með útsýni til fjalla sem er svo einstakt í Mosfellsbæ. Það sem huga þarf að er sem sagt skjólið, sólaráttirnar og útsýnið sem er grundvallaratriði, þó stundum stríði það gegn skjólmyndun en án skjóls þrífst ekkert. Í tillögu okkar að miðbæ í Reykjavík er lögð mikil áhersla á skjólmyndun því þar vill fólk vera.

Í Mosfellsbæ búum við við þann vanda að Vesturlandsvegur klífur bæjarfélagið í tvennt. Hvernig telur þú best að draga úr neikvæðum áhrifum þessarar skiptingar?

Mér list vel á hugmyndina um að lyfta Vesturlandsveginum upp á brú. Það sem skiptir mestu máli er falleg hönnun. Ég tel að það sé auðvelt mál að koma fyrir lítilli aðrein inn að Álafossi. Sé þjóðveginum lyft verður líka til grænt landslag í gegnum byggðina eins og við höfum í Elliðaárdal sem er mjög mikilvægt. Hugsanlega væri hægt að skapa tengingu milli Álafossvosar og miðbæjarins en það þarf að skoða landslagið vandlega.

Tengibraut að Helgafellshverfi hefur mikið verið í umræðunni. Hvað finnst þér um staðsetningu hennar?

Það eina sem gæti réttlætt staðsetninguna er að engin önnur leið sé fær en ég hef ekki skoðað málið og get því litlu svarað.

sigrun.pals@simnet.is

Stiklur frá Álafossi

Hildur Margrétardóttir

Þegar ég kom hingað fyrst 1998 voru miklar rigningar. Húsin sem okkur hjónunum voru sýnd til kaups lágu upp alla brekkuna, þau voru hriplek og ullarfnykur inni í þeim. Á undan okkur gekk eigandinn með vasaljós og bað okkur vinsamlegast um að ráfa ekki í burtu frá sér, við gætum týnst í húsinu.

Nokkru áður en okkur var bent á að hér væri iðnaðarhúsnæði til sölu, hafði mig dreymt draum þar sem ég var í heimsókn hjá kunningjahjónum í Tangahverfi. Í draumnum vekja þau mig árla morguns. Komdu með okkur, við ætlum að sýna þér fegursta stað á jarðríki. Þau ganga með mig á milli sín í austurátt, þar sem sólin var að rísa. Neðst við leirurnar stóð hamraborg úr hrauni, líkt og fjölþýlishús. Niður mosavaxið



Svona var umhorfs í Álafossbrekkunni áður en íbúar hófust handa

hraunið rann vatn í stríðum straumum, hvert sem lítið var. Maður tekur á móti mér og segir: "Fylgdu mér eftir og passaðu þig á því að missa ekki sjónar af mér því þú gætir týnst í húsinu."

Kalt vatn rann mér milli skins og hörunds á meðan við gengum um húsnæðið. Aldrei hafði ég komið á annan eins stað. Hér voru greinileg ummerki um að einhverjir hefðu nýtt sér tóm húsin. Flest sem hann sýndi okkur leist mér illa á, en að lokum var okkur sýnt rými sem lak ekki og var með heillegu viðargólfi. Það vildum við kaupa. Sá hængur var á að fyrir var smiður með nokkrar vélar og kunningi hans, listamaður. Þeir höfðu forkaupsrétt og eigandinn sagðist ætla að kanna málið.

Hringt er í okkur þá um kvöldið og okkur tjáð að smiður og listamaður sem þar voru fyrir hefðu ákveðið að nýta forkaupsrétt sinn. Ég varð brjáluð! Hvernig væri hægt að láta mann dreyma fyrir þessu og síðan gengur draumurinn bara ekki upp. Daginn eftir hringir maðurinn minn í eigandann og spyr hvort hann vilji ekki selja okkur annað rými. Aftur er farið að skoða með vasaljósi og við ákveðum að festa kaup á byggingunni sem nefnd er Álafossvegur 31. Við tók mikil vinna, það tók um ár bara að hreinsa út skít og drasl, leggja dren meðfram húsinu, skera fyrir útihurð og gluggum. Í raun var líkt og við hefðum fjárfest í lóð.

Frá því að við keyptum hér 1998 stefndum við að því að 10 árum seinna yrði þetta svæði orðið það sem stefnt var að, útivistarsvæði bæjarbúa og landsmanna allra, þar sem gamla iðnsaga Álafoss væri í aðalhlutverki. Á sínum tíma hafði myndlistarmaðurinn Tolli haft frumkvæði að því að láta hana framtíðarsýn sína um þetta svæði. Hér yrði listamiðstöð og sölutjöld sett upp á torgum svæðisins, kaffihús, listasali og leikhús. Fáir vita að sá sem tók þátt í að þessi hugmynd var sett á blað var forseti okkar, Ólafur Ragnar Grímsson, þáverandi fjármálaráðherra. Greinargerð að deiliskipulagi sem enn er í gildi, gerð árið 1997, studdist við þessa hugmynd Tolla. Hér væri menningarmiðpunktur enda svæðið vel til þess fallið vegna sérstöðu sinnar og umgjardar, náttúrufegurðar í bland við gamlar byggingar sem bera í sér minningar um frumkvöðlastarfsemi í iðnsögu

Íslands. Mikil gleði og bjartsýni ríkti þegar ullarþvottahúsið var rífið. Loks kom aðgengi fyrir alla að fossinum. Planið bakvið húsin í brekkunni var til þess ætlað að almenningur gæti haft þar viðkomustað, sest niður og notið gömlu bygginganna, sögunnar og fossins. Túrístarnir kæmst óhultir að fossinum og börnin fengu tækifæri til að veiða í hylnum. Því miður var gleðin skammvinn því mánuði síðar



Húsin í brekkunni eftir þrotlausu vinnu við að gera upp

var okkur ljóst að allir okkar draumar fyrir þetta svæði voru slegnir úr höndunum á okkur. Hér ætti að koma vegur á við Vesturlandsveg sem átti að bera bílaumferð langt umfram það sem okkur hafði nokkurn tíman órað fyrir. Ótrúlegast var þó framkoma bæjaryfirvalda sem kváðu upp þann dóm að það skipti hvort eð er engu máli að þessi vegur kæfði Álafoss, Álafosskvosin væri hvort sem er búin að vera sem útivistarsvæði bæjarbúa. Einnig var hent framan í okkur athugasemd um hvort við gætum aldrei verið ánægð með neitt? Það væri búíð að gera nóg fyrir okkur. Sá misskilningur hefur alltaf verið af hendi bæjaryfirvalda að hér sé verið að gera okkur eitthvað í hag. Þeir átta sig ekki á að Álafoss er bæjarfélaginu í hag.

Í Álafosskvos er eitthvað sem kallar á skapandi fólk

- viðtal við Ólöfu Oddgeirsdóttur myndlistarmann og bæjarlistamann Mosfellsbæjar 2007

Blaðamaður Íbúans mælti sér mót við Ólöfu en hún hefur búíð einna lengst íbúa í Álafosskvos.

Þú hefur búíð hér með hléum í ein sextán ár. Hvað dró ykkur Magnús hingað í Kvosina?

Við Magnús höfum verið viðloðandi staðinn síðan 1991. Hann fékk leigt í sundlauginni fyrir rafverkstæði og fljótlega tróð ég mér inn hjá honum og fór að mála. Árið 1994 keyptum við sundlauginna en fyrst þá var byrjað að selja eitthvað af þessum húsum. Hægt og sigandi voru síðan allar eignir hér á svæðinu seldar en það voru Framkvæmdasjóður og Iðnlánasjóður sem áttu húsin.

Áður en þetta gerist kom til álíta að bærinn keypti þessi hús. Þeir vildu reyndar ekki eyða of miklum peningum í kaupin. Bærinn lét gera úttekt á öllum húsakostinum og voru húsin flest dæmd ónýt. Það má segja að þessi úttekt sé sögulegt plagg. Húsin eru að vísu mismunandi en þau eru öll heil. Steypan er t.d. mjög góð og veggirnir að hluta til svellþykkir. Gamla ullarverksmiðjan og Þrúðvangur, þar sem ég bý, eru t.d. mjög vel byggð hús. Það sem almennt var ónýtt voru þökin og lagnirnar.

Blaðamaður Íbúans spyr Ólöfu hvaða útskýringu hún hafi á niðurstöðu úttektarinnar.

Líklega var úttektin tilraun til að fá húsin fyrir lítið sem ekki neitt eða bara til að búa til ástæðu til að eyða þessu svæði. Ég bara veit það ekki en eitt er víst að húsakosturinn hér er mjög góður.

En hvaða hag gátu menn séð sér í því að rífa húsin?

Húsin höfðu staðið auð lengi og talið var að hætta stafaði af þeim fyrir börn og unglingar fundu hér afdrepp. Eins var hvorki hægt að fá leigt né kaupa húsnæði.

Var búíð í Álafosskvos þegar þið komuð?

Þegar við komum fyrst voru listamenn byrjaðir að hreiðra

um sig í leiguhúsnæði. Tolli ruddi brautina. Við gerðum nauðsynlegustu lagfæringar á húsunum, skiptum um glugga og komum ofnunum í gang. En svo eftir að við förum að kaupa hér eignir breytist hugsunarhátturinn og svæðið tekur að byggjast upp. Kvosin hefur nú tekið gagnarum breytingum þó uppbyggingu sé langt frá því lokið.

Hvers vegna Álafosskvos?

Ástæðan fyrir því að við fluttum hingað er sú að við höfum alltaf haft áhuga á þessu svæði. Við bjuggum hérna rétt hjá og langaði til að gera þessi skemmtilegu hús upp. Þetta var í raun hugsjónastarf í bland við þörfina fyrir vinnuádstöðu. Við höfum gert upp tvo sali sem hafa verið notaðir fyrir myndlist og svona ýmislegt. Fyrsti salurinn sem við gerðum upp var í sundlauginni sem er mjög skemmtilegt sýningarhúsnæði. Hinn salurinn er í gamla félagsheimilinu Þrúðvangi. Hugmyndin var alltaf að koma upp vinnustofu og hafa líka gott rými til að setja upp sýningar og gera eitthvað skemmtilegt. Við seldum síðan sundlauginna árið 2000 og fluttum burt en komum síðan aftur 2003 og höfum verið að gera upp Þrúðvang síðan.

Mér finnst gott að búa í Álafosskvos. Hér ríkir góður andi



og í gegnum tíðina hefur verið mikil samstaða meðal íbúa. Hér hefur alltaf verið mikið líf og hingað hafa margir komið. Það er eitthvað við þennan stað sem er svo skapandi og kallar á skapandi fólk. Nóg að laga, alltaf nóg að gera, - segir Ólöf hlægjandi.

Listamenn í Álafosskvos hafa oft staðið fyrir skemmtilegum uppákomum. Er eitthvað sem stendur upp úr?

Fánadagurinn sem í tíð Sigurjóns á Álafossi var haldinn í kringum 12. júní var endurvakinn fyrir nokkrum árum að frumkvæði menningarmálanefndar í tengslum við 17. júní og var hér haldin tveggja daga hátíð. Við fengum að láni kappróðarbátinn sem Einar Pétursson sigldi á út að dönsku herskipunum á Faxaflóa með bláhvíta fánann til að mótmæla yfirráðum Dana á Íslandi og var hann hafður til sýnis í sundlauginni.

Eitt sinn héldum við myndlistarsýningu á 17. júní í stóru tjaldi út á planinu hér fyrir neðan. Allir listamenn á svæðinu voru með og var sýningin virkilega flott. Um morguninn þegar setja átti verkin upp var rigning og hífandi rok og spurning hvort við gætum yfirleitt tjaldað en sem betur fer gekk veðrið niður. Það var mikið líf og fjör í Kvosinni þennan dag. Spákona hreiðraði t.d. um sig í húsinu hans Rikka og það var biðröð langt út á götu. Kvikmyndafélagið Umbi var með kvikmyndasýningar í brekkunni og hér var listmuna- og handverksmarkaður. Þessi 17. júní hátíðarhöld voru allt öðru vísi en við eigum að venjast. Já, hreint út sagt æðisleg og allir tóku þátt en undirbúningi fylgdi mikið álag. Fólk endist ekki lengi í vinnu endurgjaldslaust. Hér voru því hátíðir í nokkur skipti sem síðan lögðust af.

Íbúar í Kvosinni heyrast oft kvarta yfir því að fá málum sínum ekki framgengt hjá bæjaryfirvöldum. Hvað segir þú um það?

Það hefur aldrei verið nein samstaða í bæjarstjórninni um þetta svæði. Fljótlega eftir að deiliskipulag Álafosskvosar



Ullarverksmiðjuhverfið við Álafoss á sjötta áratugnum

Björn Þorláksson bóndi og smiður að Varmá kom upp tóvélaverkstæði að Álafossi árið 1896. Skammt frá Varmábænum voru Ullarfossar og bændur og tóvinnufólk hafði um aldir komið til að þvo ull og þerra í Ullarnesbrekkum rétt vestan við Helgafell. Heita vatnið í Varmá var einn af áhrifaþáttum í staðsetningu Álafossverksmiðjunnar. Álafossinn sjálfur skóp síðan aflið sem dreif áfram vélar með öxlum og reimum. Tóvélarnar voru í fyrstu þjónustufyrirtæki við bændur sem fengu ull sína kembda og spunna í lopa og band. Gegn láni úr sýslusjóði fengu íbúar Kjósarsýslu verkin unnin á lægra gjaldi en aðrir landsmenn. Út frá ullarverkstæðum landsmanna dreifðust litlar handsnúnar spunavélar sem voru í sameign félaga og samtaka víða um land og mikið notaðar áratugum saman, auk þess sem konur þrjónuðu mikið með handþrjónavélum á heimilum um allt land.

Á síðustu árum 19. aldar og fyrstu áratugum 20. aldar var mikið flutt út af ull og ofnir úr henni dúkar í norskum og dönskum klæðaverksmiðjum. Þetta varð til þess að Álafossverksmiðjan kom upp dúkavefnaði hér á landi árið 1901 og hóf þannig samkeppni við útflutning á hráefnum, en víða í kaupúnum voru umboðsmenn erlendra verksmiðja sem tóku á móti ull og afhentu klæði á móti gegn gjaldi. Aðrar klæðaverksmiðjur voru síðan stofnaðar í kjölfarið, Iðunn í Reykjavík og Gefjun á Akureyri.

Margir eigendur komu að rekstri Álafossverksmiðjunnar á fyrstu tveimur áratugum 20. aldar. Sigurjón Pétursson glímukappi eignaðist smám saman verksmiðjuna og endurbætti á ýmsan hátt. Hann lagði heitt vatn í hana frá Amsturdamshver sem var við Reykjaland. Margir voru vantrúaðir á að unnt væri að leiða heita vatnið þessa leið niður að Álafossi án þess að það kólnaði. Sagan hermír að til að sannfæra menn um að þetta væri hægt lét hann mann fara með fötu upp í hverinn til að sækja um 80°C heitt vatnið og lét hann ganga með það niður að Álafossi. Það var að sjálfsögðu ennþá brennandi heitt þegar þangað kom og menn

létu sannfærast. Synir Sigurjóns, Pétur og Ásbjörn, komu síðar að rekstri Álafoss og um 1950 var verksmiðjan endurnýjuð með nýrri steinsteyptri byggingu og fullkomnari vélum með stuðningi Marshall-aðstoðarinnar. Þrátt fyrir samdrátt í framleiðslu á fataefnum dóu Álfyssingar ekki ráðalausir og hönnuðu Álafossúlpuna sem saumuð var á staðnum, einlit eða köflótt, með eða án hettu og naut mikilla vinsælda. Álafoss tók einnig þátt í að leggja gólfteppi í húsakynnum landsmanna og um áramótin 1957-1958 hófst framleiðsla á Wilton-gólfteppum í Álafosskvos í húsi sem nú hefur verið rífið. Teppi frá Álafossi þrýða meðal annars Alþingishúsið og Þjóðleikhúsið.



Sigurjón Pétursson verksmiðjueigandi færir Steingrími Steinþórssyni forsætisráðherra værdarvoð

Álafossverksmiðjan í sögulegu ljósi

Magnús Guðmundsson, sagnfræðingur



Barnaheimili rekið í tengslum við ullarverksmiðjuna á 7. áratugnum

Íslensku gólfteppaverksmiðjurnar hættu rekstri eftir að samkeppni jókst í kjölfar inngöngu í EFTA á áttunda áratugnum, en að Álafossi var lengst af ofið fyrir fyrirtæki og ríkisstofnanir, aðallega sérstök munstur. Félagslíf, íþróttir og menningarstarf

að Álafossi var einstakt á meðan verksmiðjunnar naut við. Sigurjón Pétursson var annálaður afreksmaður í íþróttum og vildi veg þeirra sem mestan. Hann byggði fyrstu innisundlaug á landinu og lagði grunn að kröftugu menningarstarfi. Ásbjörn sonur hans stofnaði að Álafossi fyrsta barnaheimili í Mosfellssveit, Barnakot, árið 1959 og var það fyrsta barnaheimili sem byggt var í tengslum við vinnustað á Íslandi. Þeir Álafossfeðgar voru framsýnir menn og fluttu inn erlenda sérfræðinga í textíl sem höfðu áhrif langt út fyrir starfssvið sitt á Álafossi. Eftir að nýtt húsnæði var byggt upp á melnum fyrir ofan Álafosskvos á sjöunda áratugnum eflaðist Álafossverksmiðjan og styrktist. Guðjón Hjartarson verksmiðjustjóri og annað starfsfólk á Álafossi átti þátt í að þróa og framleiða hespulopa og loðband sem voru

undirstaða ullar- og þrjónaðnaðar á Íslandi á síðari hluta 20. aldar og í upphafi 21. aldar. Ullariðnaður varð stærsta iðngrein á Íslandi að frátöldum fiskiðnaði og stóð rétt aðeins að baki áliðnaði í útflutningsverðmætum. Verksmiðjan hvarf úr fjölskyldueign og yfir til ríkisins og smám saman breyttust allar aðstæður, stóriðja í ullariðnaði heyrði brátt sögunni til. Ístex tók blessunarlega yfir hina öflugtu spunaverksmiðju á melunum og hefur síðan þjónað listamönnum af öllum gerðum á sviði textiliðnaðar, á meðan annars konar listamenn hafa hreiðrað um sig í Álafosskvos.

var samþykkt 1997 kom í ljós að það var meingallað. Það stóð alltaf til að breyta því en af því hefur ekki orðið. Árum saman höfum við því verið í þeirri óþægilegu stöðu að fá málum okkar ekki framgengt í bæjarkerfinu.

Þegar fólk fær ekki afgreiðslu sinna mála verður það til þess að það gefst upp. Í þessu bréfi frá árinu 1995 segir t.d. að byggingarfulltrúi hafi lokið við að gera tillögu að skipulagi leigulóða fyrir húsinn hérna í Kvosinni. Það var óskað eftir viðbrögðum Framkvæmdasjóðs sem var að selja húsinn. Auðvitað á ekki að vera hægt að selja hús án lóðasamninga. Það átti að ljúka þessu máli sem fyrst því samningarnir áttu að fylgja húsunum, en nú er árið 2007 og þeir enn ekki komnir í gegn.

Mosfellsbær hefur ekki staðið við sín fyrir-



heit um að fegra umhverfi Álafosskvosar. Það var búið að eyrnamerkja staðnum ákveðna upphæð ár hvert sem nota átti til að fegra umhverfið. Bærinn byrjaði mjög vel og lagaði m.a. veginn upp brekkuna en þar við sat. Þetta var í kringum árið 2000 en síðan hefur ekkert gerst.

Telur þú að einhver lausn sé í sjónmáli?

Ég er bjartsýn manneskja að eðlisfari. Í viðtali við blaðamann Morgunblaðsins 2. september sl. lét Ragnheiður Ríkhardsdóttir fráfarandi bæjarstjóri þau orð falla að í kjölfar framkvæmda við tengibrautina ætti að leggja áhersla á að byggja upp Álafosssvæðið. Þetta er auðvitað mjög jákvætt og er óskandi að orð hennar gefi vísbendingu um að breytinga sé von.

sigrun.pals@simnet.is

Seljum vatnið því kjarnorkan er að koma!

- viðtal við Örn Steinsson fyrrum vélstjóra í dælustöðinni



Örn hóf störf í dælustöð Hitaveitu Reykjavíkur við Varmá um það leyti sem dælnar voru settar í gang og vann hann þar samfleytt í 40 ár, þar af þrjátíu og þrjú ár undir stjórn Höskuldar Ágústssonar, stöðvarstjóra. Bláðamaður Íbúans heimsótti Örn sem nú er áttatíu og sex ára gamall og býr á Hrafnistu í Reykjavík.

Þú varst vélstjóri í dælustöðinni við Varmá. Í hverju fólst þín vinna?

Ég stjórnaði dælunum sem voru drifnar áfram af rafmagnsmótorum og dældu vatninu til Reykjavíkur. Það voru vaktir allan sólarhringinn í stöðinni og voru vaktaskipti lengi vel kl. fjögur að nóttu. Húsið hér fyrir ofan var byggt til þess að við gætum verið sem næst stöðinni en þar bjuggu tveir vélstjórar í öðrum enda hússins og stöðvarstjóri í hinum helmingnum. Þetta þótti nú frekar langt frá Reykjavík í þá daga. 1. desember 1943 byrjuðum við að dæla í hús í Reykjavík. Frá 1. nóvember dældum við í sjálfar Elliðaárnar til þess að hreinsa pípurnar. Eftir það fórum við að dæla inná geymana í Öskjuhlíðinni.

Hvernig var umhorfs í Mosfellsveit þegar þú komst hingað?

Þetta var alveg yndisleg sveit. Hér voru eingöngu sveitabýli. Merkustu býlin í Reykjadalnum voru Reykir, Sólvellir, Akkrar og síðan Helgafellsbýlið.

Voru hverirnir áberandi á yfirborðinu?

Það bar svo sem ekki mikið á hverunum. Það þurfti að bora eftir vatninu. Til að byrja með niður á 250 m dýpi. Í dag eru holurnar mun dýpri. Svo var hætt að bora á Reykjum og vatn sótt yfir í Mosfellsdalinn. Þar var vatnið töluvert heitara. Upp við Reyki runnu litlir, heitir lækir. Það voru bændurnir sem fengu hugmyndina að því að bora eftir vatninu. Þeir sáu náttúrulega vatnið koma heitt upp úr jörðinni. Í upphafi voru þetta svona 83° C en hitastig lækkaði smám saman og var komið niður í 80°C þegar ég hætti.

Var mikil gufa í Reykjaværvi?

Það fylgdi því mikil gufa þegar borað var eftir vatninu. Hún kom upp af sjálfu sér. Það varð að hleypla hitanum út. Sérstaklega þegar hlýtt var í veðri var vatninu hleypt í ána

og þá fylltist allt af gufu. Það var voða mikil rómantik í sambandi við þetta.

Voru gufuböð í sveitinni?

Nei, það var ekkert svoleiðis en það var útisundlaug við Álafoss og þar fóru menn stundum í bað.

Kynntist þú þýskum líffræðingi sem var að vinna að hverarannsóknunum í Reykjaværfinu?

Já, honum Schwabe. Hann sat oft og kjaftaði við okkur niðri í stöð. Hann spáði því að vatnið myndi vera orðið kalt eftir 50 ár. En það reyndist ekki rétt. Schwabe var mikið að grúska og mældi hann vatnsmagnið í hverunum og gerði rannsóknir á lífverum í vatninu. Við vorum með lítinn pott sem heitt vatn var látið renna í. Í því voru einhverjar verur og var hann að kanna hve mikinn hita þær þyldu. Fræðimenn úr bænum komu vikulega og gerðu úttekt á þessu. Þetta var mjög merkilegt fyrirtæki.

Manstu hvað þið dælduð miklu vatni til Reykjavíkur?

Dælustöðin var mikill happagripur fyrir Reykjavík. Við dældum í upphafi um 300 lítrum á sekúndu. Eftir því sem við boruðum dýpra þeim mun meira og heitara var vatnið. Fyrst var það látið renna upp af sjálfu sér en það var ekki nóg. Var því brugðið á það ráð að blása í holurnar lofti til þess að reyna að lyfta vatninu upp. Súrefnið olli hins vegar vandræðum og tærði rörin. Því voru settar dælur í holurnar.

Það er oft talað um að það hafi verið svo mikil mengun af kolareyk á veturna áður en að hitaveitan kom.

Já, ég var vélstjóri á sjó áður en ég fór að vinna í dælustöðinni. Séð utanað var alveg kolsvartur mökkur yfir Reykjavík. Eftir að hitaveitan kom bar sáralítið á mengun.

Ertu sammála því að heita vatnið sé undirstaða velmegunar á Ísland?

Já, ég er nú ansi hræddur um það. Kolainnflutningurinn datt bara alveg niður eftir að hitaveitan kom. Ýmis vandamál komu þó upp. Það var t.d. ekki nægilegt vatn til að hita upp alla borgina. En síðan fóru þeir að bora dýpra. Það gekk ekki vandræðalaust að finna stærri bor en á endanum tókst það. Gamli borinn var kallaður Gullborinn. Hann hafði verið nýttur til að bora eftir gulli á svæðinu þar sem Reykjavíkurflugvöllur er núna.

Fengu Mosfellingar heitt vatn strax eða kom það seinna?

Þeir fengu ekki vatnslögn fyrr en löngu seinna. Mig minnst að Reykjabændur hafi selt sin heitavatnsréttindi á sextíu þúsund. Það var allt sem þeir fengu.

Hljóðaði samningurinn ekki upp á hundrað og fimmtíu þúsund?

Þeir fengu bara sextíu þúsund fyrir heita vatnið. Svo fór Hitaveitan að kaupa í Mosfellsdalnum. Það voru læti út af því. Það voru margir sem að vildu ekki selja heita vatnið. Ég man eftir almennum fundi sem haldinn var í sveitinni. Þar stóð Kristinn á Mosfelli upp og sagði: "Við skulum bara selja þetta sem allra fyrst því að kjarnorkan er að koma! Þetta verður allt saman úrelt!"

Ameríski herinn hafði aðsetur í sveitinni. Höfðuð þið einhver samskipti við hermennina?

Fyrst þegar við komum voru hér hermennabraggar út um allt. Það var kallað melurinn þar sem þeir bjuggu. Það var kunningsskapur við einn og einn og það þurfti sérstakan passa til að fara í gegnum "kampinn" til þess að komast að stöðvarhúsinu og ef fara þurfti til Reykjavíkur. Síðan kom Reykjalundur. Þeir byrjuðu starfsemi í hermennabroggum en þar var lækningastofa og nokkur rúm sem sjúklingar voru látnir liggja í ef að þeir voru veikir. Svo var þetta drifið upp. Þarna voru eingöngu berkla sjúklingar og höfðum við mikið samneyti við þá. Þeir sem höfðu fótavist komu gangandi hingað niður eftir.



Allt fyrir jólin

Laufabrauð
Smákökur og smákökudeig
Piparkökukhús
Jólabrauð
Handgert konfekt
og margt fleira.



Hefur þú kíkt á www.konfekt.is?

Háholti 13-15, Mosfellsbæ - Háaleitisbraut 58-60, Rvk - s: 5666145 - www.mosfellsbakari.is

Hvenær hófst skógræktin?

Hitaveitan byrjaði á því að planta trjám meðfram ánni og upp með veginum sem liggur upp að Reykjalundi. Við fengum viðurkenningu frá hreppnum fyrir góða umhirðu hér á svæðinu. Síðan fór Reykjalundur að planta hinum megin við veginn. Oddur læknir var mikill hugsjónamaður. Hann var mjög góður við okkur og við leituðum alltaf til hans þegar við vorum veikir.

Hvernig var félagslífð?

Félagslífð var ágætt. Það voru haldin vetrarböll eða hjónaböll. Það þótti merkilegt þegar Hlégarður var byggður og voru Mosfellingar ákaflega stoltir af samkomuhúsinu sínu.

Svo var heilmikið um að vera við ullaferksmiðjuna að Álafossi?

Það breyttist mikið þegar herinn kom. Hann yfirtók þetta allt saman. Það var ekki hægt að fara í sundlaugina því hermennirnir voru þar öllum stundum og einhvern veginn lamaðist allt eftir að herinn fór. Það breyttist hugsunarhátturinn.

Íbúinn

Rit Varmársamtakanna um íbúalýðræði, verndun náttúru og sögu.

Nóvember 2007


Útgefandi Varmársamtökin
Varmársamtökin Álafossvegi 23
Sími: 660 7661 / 866 9376

varmarsamtokin@gmail.com
www.varmarsamtokin.blog.is

Ritstjóri:
Sigrún Pálsdóttir stjórnarmaður
í Varmársamtökunum

Ábyrgðarmenn:
stjórn Varmársamtakanna

Umbrot og prentun: Prentmet ehf.



Gigga hómópatí

Hjá Yoga Shala, Engjateig 5, 105 Reykjavík

Netfang: giggahomopati@gmail.com

Tímabantanir í síma 848 9712

Lærðu að virkja lækningarmátt líkamans.

Þökkum eftirtöldum aðilum fyrir stuðninginn:

Fasteignasala Mosfellsbæjar, Þverholti 2, Mosfellsbæ | Ásgarður handverkstæði | Álafoskvos, Mosfellsbæ | Brauðhúsið Grímsbæ, Efstalandi 26, Reykjavík



Yljum iljum

Sumir heimilisvinir láta lítið fara fyrir sér. Við vildum samt aldrei án þeirra vera. Þeir taka vel á móti okkur þegar við komum heim eftir skemmtilegt kvöld, kveikja ljósin, hita ofnana og koma upp suðu á bolla af heitu te. Þessir hæglátu heimilisvinir fara ekki fram á neinar sérstakir þakkir. Þeir eru ánægðir ef heimilisfólkið er ánægt og nýtur þess að vera til í birtu og yl. Þeir eru góðir heimilisvinir.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

www.or.is

Virk þátttaka almennings bætir samfélagið

Ásta Þorleifsdóttir

Hvers vegna er þörf fyrir almenna þátttöku í stefnumótun og ákvarðanatöku?

“Menn læra af reynslu og rökræðum. Reynslan er ekki einhlít. Rökræður eru óhjákvæmilegar til að leiða í ljós hvernig túlka beri reynsluna. Rangar skoðanir og röng breytni þokar smám saman fyrir staðreyndum og rökum en til að svo megi verða þurfa staðreyndir og rök að eiga greiða leið að mannshuganum. Og mjög fáar staðreyndir liggja í augum uppi án skýringa.

Hvers vegna reidum við okkur á dómgreind áreiðanlegra manna? Vegna þess, að þeir hafa tekið gagnrýni skoðana sinna og breytni opnum huga. Vegna þess að þeir hafa gert sér far um að hlusta eftir öllum aðfinnslum, haldið hinum réttmætu þeirra til haga og vísað öðrum á bug fyrir sjálfum sér og öðrum með réttum rökum. Vegna þess að þeim hefur skilst að eina leiðin til að nálgast að marki alhliða skilning á einhverju efni er að leggja eyrun við því sem fólk með ýmsar skoðanir hefur um það að segja, og kynna sér öll viðhorf hinna ólíkustu manngerða. Enginn vitur maður hefur nokkru sinni aflað sér þekkingar með öðru móti en þessu, og það er ekki heldur í eðli mannlegrar skynsemi að afla sér þekkingar með neinum öðrum hætti. ¹ “Svo ritaði John Stuart Mill á 19. öld, þar sem hann lýsir eiginleikum góðra stjórnmalamanna og hvers vegna þeir leiti eftir þekkingu annarra.

Þátttaka íbúa er þekkingarstjórnun

Íbúalýðræði merkir ekki endalok fulltrúalýðræðisins. Þvert á móti er virk þátttaka íbúa í stjórnun sveitarfélaga merki um góða stjórnun. Markmiðið með þátttöku íbúa er að fá betri þjónustu og auka sátt um ákvarðanir. Sveitarfélög sem virða þekkingu íbúa sinna á nærumhverfi sínu og nýta hana til betri ákvarðanatöku eru eftirsóknarverð til búsetu og um leið verða þau eftirsóknarverð fyrir atvinnulífið. Virk þátttaka íbúa í stjórnun sveitarfélaga er vísbending um góða stjórnsýsluhætti þar sem hagsmunir eru vegnir og metnir að verðleikum. Til að svo megi vera þurfa íbúar að vera þátttakendur frá upphafi ferlis, þá nýtist þekking þeirra best.

Til hvers samráð?

Það eru mörg verkefni sem þarf að vinna í sveitarfélagi. Um sum þeirra ríkir sátt en önnur eru umdeild. Íbúar eru bæði eigendur og viðskiptavinir sveitarfélagsins og flestar ákvarðanir varða hagsmuni þeirra og lífsgæði. Upplýstir fulltrúar, hvort sem er stjórnmalaflokka eða

¹ Ritgerðir um Frelsið, þýðing Ásta Þorleifsdóttir

íbúa eiga auðveldara með að taka afstöðu til málefna á grundvelli þekkingar. Forsenda þess að stjórnvöld taki upplýstar ákvarðanir er að allar upplýsingar og forsendur séu ljósar í upphafi og stjórnsýslan einkennist af gagnsæi og rekjanleika. Það sama gildir um aðkomu íbúa, þeirra afstaða á að mótast af bestu fánlegu upplýsingum um eðli og afleiðingar ákvörðunar.

Samráð íbúa og stjórnvalda byggir á gagnkvæmu trausti og trúverðugleika, gegnsæi og rekjanleika í ákvarðanatöku. Alvöru samráð byggir á aðgengi að upplýsingum, gagnrýninni umræðu og forgangsröðun valkosta í samstarfi við íbúa. Aðkoma íbúa verður að vera strax í upphafi og þeir þurfa að vera virkir þátttakendur við markmiðasetningu, stefnumótun, forgangsröðun og framkvæmdir. Það að fá að gera athugasemdir við auglýstar ákvarðanir í umhverfis- og skipulagsmálum er ekki ýkja lýðræðislegt. Það er mikil framför að nú skuli sá réttur einnig færast niður á áætlanastig en með því er einmitt aðkoma almennings tryggð miklu fyrir í ferlinu og þar með opnast sá möguleiki að koma nýjum valkostum á framfæri nægilega snemma til að hægt sé að skoða þá og meta. Í stað dýrra tafa vegna ósættis um ákvarðanir er hægt að leysa málin með sátt- og samningaleið strax á frumstígum. Með því að safna saman upplýsingum frá íbúum og öðrum hagsmunaaðilum strax á frumstígum má auka til muna skilvirkni og hagkvæmni í stjórnun sveitarfélaga og auka lífsgæði.

Virkt íbúalýðræði er forsenda þess að vel takist til um skipulagsbreytingar svo sem þéttingu byggðar og það sama gildir um þjónustu. Til að þátttaka almennings skili raunverulegum virðisauka fyrir samfélagið þarf að tryggja aðgengi þeirra að upplýsingum, gagnrýninni umræðu og forgangsröðun valkosta í samstarfi við íbúa.

Mikilvægi íbúasamtaka

Við kjósum okkur stjórnendur á fjögurra ára fresti. Hver íbúi á aðeins eitt atkvæði og ekkert tryggir að þau stefnumál sem hann telur mikilvægust séu á málefnskrá nýrra valdhafa því oftast starfa sveitarstjórnir í umboði meirihluta kjósenda tveggja eða fleiri flokka sem hafa þurft að miðla málum sín á milli. Í heimi örra breytinga er erfitt fyrir kjósendur að vita hvaða mál kunna að koma upp á kjörtímabilinu og hvaða afstöðu kjörnir fulltrúar koma til með að hafa, þess vegna er þörf fyrir öflugan samstarfsvettvang íbúa og stjórnmalamanna, óháð flokkum, milli kosninga. Þverpólitísk íbúasamtök eru nauðsynlegur aðili að slíkum vettvangi, sem málsvarar hagsmuna íbúa. Með sterkum



lýðræðislegum íbúasamtökum er auðveldara fyrir fólk að ná til stjórnmalamanna og fá mál á dagskrá stjórnvalda. Þekking íbúa er hvergi meiri en á sínu nærumhverfi. Íbúasamtök sem starfa svæðisbundið eru í miklu meiri nánd við verkefni hverfisins en stjórnvöld sem yfirleitt sinna stórum og fjölmönnum svæðum. Þannig geta íbúasamtök átt þátt í að móta formlegan samstarfsvettvang um málefni hverfisins frá frumhugmynd að ákvörðun á öflugum samstarfsvettvangi þar sem íbúar og stjórnmalamenn starfa saman á jafnræðisgrundvelli.

Ekki bara réttindi

Það er mikilvægt að átta sig á því að það að opna fyrir þátttöku íbúa í stjórnun sveitarfélags felur ekki bara í sér réttindi fyrir íbúa heldur einnig skyldur. Lýðræði krefst þátttöku og þeim sem taka þátt þarf að vera ljóst að auknu valdi fylgir ábyrgð. Forsenda þess að stjórnvöld taki upplýstar ákvarðanir er að allar upplýsingar og forsendur séu ljósar í upphafi og stjórnsýslan einkennist af gagnsæi og rekjanleika. Það sama gildir um aðkomu íbúa, þeirra afstaða á að mótast af bestu fánlegu upplýsingum um eðli og afleiðingar ákvörðunar.

Þátttaka er þekkingarstjórnun

Mannauður er mikils virði og ekki bara í fyrirtækjum. Framsækin sveitarfélög sækjast eftir virkri þátttöku íbúa í stjórnun til hagsbóta fyrir alla. Þau virkja mannauð sinn með því að nýta þekkingu íbúa sinna til betri ákvarðanatöku. Í fyrirtækjum er aðferðin kölluð gæða- og þekkingarstjórnun og hún skilar árangri. Góð, framsækin sveitarfélög eru samfélag með sameiginleg gildi og markmið sem hvetja til vellíðan, heilbrigðis og hollra lífnaðarháttá. Þau leitast við að efla félagsauðinn og líðsheildina, því góður árangur byggir á framlagi allra. Þess vegna meta þau ánægju íbúanna með þjónustu og gera sér grein fyrir því að með þátttöku sem flestra íbúa í stefnumótun og ákvarðanatöku má auka gæði, skilvirkni og hagkvæmni í ákvörðunum, sem gera sveitarfélögin að eftirsóknarverðum stað hvort sem er til búsetu eða atvinnustarfsemi.

Ásta Þorleifsdóttir, starfar sem ráðgjafi í þekkingar- og þátttökustjórnun

Forréttindi að búa í fallegu umhverfi Mosfellsbæjar

- Viðtal við Valgerði Bergsdóttur myndlistarmann og íbúa í Álafosskvos

Valgerður Bergsdóttir er einn af þeim þekktu listamönnum sem lifa og starfa í Álafosskvos. Blaðamaður Íbúans innti Valgerði eftir því hver væri ástæðan fyrir því að hún byggir í Álafosskvos.

Var eitthvað sérstakt sem dró þig hingað?

Ég kom hingað árið 2000 vegna þess að mig vantaði vinnuádstöðu, ekki vegna umhverfisins. Ég sóttist fyrst og fremst eftir því að fá vinnufrið. Smátt og smátt hef ég vaxið inn í umhverfið. Allir nágrannar mínir eru ágætis fólk og það er mjög gott að dvelja hérna félagslega séð. Ég hef samt ekki orðið vör við mikið félagslíf listamanna síðan ég flutti hingað og ég hef heldur ekki sóst sérstaklega eftir því.

Það er mjög gaman að upplifa flokka af hestamönnum ríðandi framhjá eða Varmána í mögnuðum leysingum. Það sem heillar mig er þessi náttúrunálægð sem er í rauninni ákaflega óhamin. Mér finnst mjög sjarmerandi að hestamir skuli vera notaðir sem sláttuvélar. Gönguleiðirnar eru líka einstakar. Hér eru hæðir og bringur og Esjan sem skiptir um ham, er ýmist eins og álfamær eða kolsvört á að líta. Það er mögnuð upplifun að aka frá Reykjavík inn að Mosfellsbæ.

Mér finnst tvímælalaust að fólk búi hér við forréttindi og ekki síst íbúar hér í Kvosinni. Bæjarbúar þurfa að átta sig á því að í þessu fallega landslagi felast forréttindi. Kennileiti í Mosfellsbænum eru mjög eftirtektarverð, Álafoss, Reykjalundur og eins og sagnfræðingarnir benda á Hrisbrú.

Hestar að slætti. Þrúðvangur og sundlaugin, Hljóðver Sigur Rósar í baksýn.



Mér finnst að við ættum að finna gömlu ullarverksmiðjunni að Álafossi verðugt hlutverk. Húsið er mjög skemmtilegt og vel byggt og býður upp á mikla möguleika. Mosfellsbær fékk Gljúfrastein að gjöf og bæjarfélagið sér um safnið en mér finnst að yfirvöld ættu að gæta að öðrum sögulegu minjum sem hér eru til staðar og fyrri kynslóðir hafa skilið eftir sig. Það má ekki förna sögulegum minjum vegna stundarhagsmuna. Við verðum að varðveita það sem hefur gildi fyrir framtíðina og hugsa um hvað sagan skráir því sagan skráir líka mistökinn.

Mál málanna í Álafosskvos er án efa Helgafellsvegur og áhrif hans á lífið hér. Hvað finnst þér um þessa tengibraut? Ég held að úr því sem komið er verðum við að draga jákvæðan lærdóm af mistökunum sem gerð voru með lagningu þessarar tengibrautar. Við þurfum einfaldlega að líta á hana sem víti til varnaðar. Bæjarsamfélagið og við sem búum í grennd við veginn verðum að stuðla að því að þetta gerist ekki aftur.

sigrun.pals@simnet.is